

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

*A. Stækkun íbúðarbyggðar í landi Brúarlands og breyting á deiliskipulagi lóðar úr landi Leifsstaða.*

Stækkunin felst í nýju íbúðarsvæði, nefnt Brúnagerði, sunnan og neðan núverandi bæjarhúsa. Þar er gert ráð fyrir 5 íbúðarhúsum. Aðkomu að lóð nr. 28 úr landi Leifsstaða er breytt með þeim hætti að hún fer um lóð nr. 29. Tillagan var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 27. september 2005.

Um leið er úr gildi felld deiliskipulag Brúnahlíðar frá 26. júní 2001 og deiliskipulag Brúnahlíðar/Leifsstaða, breyting, samþykkt 2. mars 2004.

*B. Íbúðarbyggð í landi Jódísarstaða.*

Deiliskipulagið, sem samþykkt var af sveitarstjórn 27. september 2005, gerir ráð fyrir 10 íbúðarhúsum á 10,5 ha lands úr jörðinni Jódísarstöðum, vestan Eyjafjarðarbrautar eystri.

*Eyjafjarðarsveit, 14. desember 2005.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005